

Sp.

105. Tillaga til þingsályktunar

[92. mál]

um byggingasjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um byggingasjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Skál tilgangur sjóðsins vera sá að standa undir kostnaði við byggingar þær, sem ríkið sjálft og ríkisstofnanir þurfa að koma upp vegna starfsemi sinnar. Sé undirbúningi hraðað svo, að frv. til laga um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þótt mikið hafi verið byggt á Íslandi undanfarin ár og áratugi, verður ekki sagt, að ríkið sjálft og ríkisstofnanir séu vel á vegi staddar í þeim efnum. Ástæðurnar eru margar. Fram á þessa öld mátti heita, að landið væri snautt af varanlegum byggingum, og þess er ekki að vænta, að ein til tvær kynslóðir hafi getað komið því í verk að reisa allt frá grunni og færa húsakost hvers konar í það horf, sem hæfa þykir og kröfur eru gerðar til í nútímaþjóðfélagi. Byggingaþörfin hefur verið mikil og vaxið stöðugt samfara fjölgun þjóðarinnar og sókn hennar til betra lífs, fjölbreyttari atvinnuhátta og aukinna menningarskilyrða.

Við þessar aðstæður hefur þróunin orðið sú, að byggingamál ríkisins sjálfs og margra ríkisstofnana hafa setið svo mjög á hakanum, að naumast má vansalaust telja. Hið opinbera greiðir árlega stórfé í húsaleigu. Eru þess ófá dæmi, að leiguliðastefna ríkisins og ríkisstofnana hafi gert einstaklingum kleift að byggja og eignast stórhýsi fyrir milljónir og milljónatugi á þann einfalda hátt, að þeir hafa leigt opinberum aðilum húsin eða hluta þeirra til langs tíma, stundum gegn álitlegri fyrirframgreiðslu. Virðist ólíkt búmannslegra, að ríkisvaldið stefni fremur að hinu, að auðvelda ríkisstofnunum byggingu eða kaup á nauðsynlegum húsakosti til eigin þarfa.

Áratuga tómlæti og aðgerðaleysi um byggingamál ríkisins sjálfs og ríkisstofnana hefur leitt til þess, að margar þessara stofnana húa við allsendis ófullnægjandi starfsskilyrði. Sumar hafast við í gömlu, þröngu og lítt nothæfu húsnæði, aðrar greiða miklar fúlgur í húsaleigu og geta jafnframt átt yfir höfði sér að vera vísað „út á götuna“ með næsta litlum fyrirvara.

Svo rík hefur verið sú stefna hins opinbera í byggingamálum, að nær allir skyldu hafa forgangsrétt í þeim efnum gagnvart ríkinu, að jafnvel þær opinberar stofnanir, sem gátu komið sér upp nauðsynlegum húsakosti fyrir eigið fé, hafa þráfalllega fengið synjun um heimild til að bæta úr húsnæðisþörf sinni. Slíkt bann er skiljanlegt, þegar fjárfesting til byggingaframkvæmda er mjög takmörkuð með opinberum afskiptum sakir gjaldeyrisskorts, en sé hin sama regla látin gilda á tímum frjálsrar fjárfestingar, vaknar óneitanlega sú spurning, hvenær hinu opinbera sé þá ætlað að koma sér upp varanlegum húsakosti.

Afleiðing þessarar íhaldssömu stefnu um byggingamál ríkis og ríkisstofnana er sú, að fjölmörg verkefni bíða nú óleyst á þessu sviði, og krefjast sum þeirra skjótra aðgerða. — Viðhlitandi sjórnarráðsbygging er ekki risin af grunni. Alþingi býr við allsendis ófullnægjandi starfsskilyrði sakir þrengsla. Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn starfa í húsakynnum, sem orðin eru allt of lítil og torvelda notkun safnanna um skör fram. Listasafnið er að verulegu leyti falinn fjársjóður, hefur fengið inni til bráðabirgða í allsendis ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem eigandi byggingarinnar, Þjóðminjasafnið, þarf mjög á að halda til eigin nota. Náttúrugripasafnið hefur verið lokað árum saman sakir húsnæðisskorts, og nú er verið að koma því fyrir í þröngum húsakynnum um stundarsakir. Margar aðrar opinberar stofn-

anir búa ýmist við lélegt eigið húsnæði eða leiguhúsnæði, sem í mörgum tilfellum er óhentugt og naumast til frambúðar. Má í því sambandi nefna Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Ferðaskrifstofu ríkisins, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Bókaútgáfu Menningar sjóðs, Fræðslumyndasafn ríkisins, Handritastofnun Íslands o. fl. Í leiguhúsnæði eru einnig saksóknaraembættið, sakadómaraembættið, borgarfégetaembættið, borgardómaraembættið, tollgæzlan og tollstjóraembættið að nokkru leyti. Greiða hinar sex síðastnefndu stofnanir um 4 milljónir króna í húsaleigu á ári.

Þegar Alþingi og ríkisstjórn hafa talið með öllu óhjákvæmilegt að hefja undirbúning að byggingu fyrir opinberar skrifstofur eða ríkisstofnanir, hefur sá háttur verið hafður á að veita á 20. gr. fjárlaga nokkra upphæð til byggingar viðkomandi stofnana, hvorrar um sig. Er þar í fæstum tilfellum um að ræða nema lítið brot af byggingarkostnaði ár hvert. Síðan er til þess ætlazt, að eftir að lagt hefur verið fé í slíka byggingasjóði um nokkurra ára skeið, verði upphæðirnar orðnar það háar, að hægt sé að hefjast handa. En með þeirri verðlagsþróun, sem hér hefur verið um langt skeið, hafa hin tiltölulega litlu, dreifðu framlög til ýmissa byggingasjóða seint og illa komið að notum. Virðist í alla staði hagkvæmara, að stofnaður verði einn byggingasjóður fyrir ríki og ríkisstofnanir og til hans veitt á fjárlögum hvers árs þeirri fjárhæð óskiptri, sem fjárveitingavaldið ætlar til þessara framkvæmda. Með því eiga fjárveitingarnar að nýtast betur og auðveldara ætti að verða að tryggja, að árlega væri byggt svo mikið sem brýna nauðsyn bæri til og fjárhagur sjóðsins leyfði.

Við samningu löggjafar um slíkan sjóð þarf m. a. að taka ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

1) Hve víðtækt verksvið hans eigi að vera, þ. e. hvaða stofnanir eigi að njóta fjárveitinga úr sjóðnum. Virðist liggja beint við, að það séu stjórnarskrifstofur hvers konar og þær opinberar stofnanir, sem ekki fá fé til byggingar samkvæmt sérstakri löggjöf (ekki t. d. skólar, sjúkrahús o. s. frv.).

2) Hvort rétt sé og hagkvæmt, að til sjóðsins renni það fé, sem þegar hefur verið veitt á fjárlögum í byggingasjóði ríkisstofnana, en eigi er farið að nota (fé til stjórnarráðshúss, listasafns o. s. frv.).

3) Hvort rétt sé, að þær ríkisstofnanir, er starfa í húsnæði, sem er ríkiseign, verði látnar greiða hóflega húsaleigu, og rynni hún til byggingasjóðsins. — Virðist það ekki óeðlilegt og mætti verða sjóðnum til verulegrar eflingar.

4) Hvort opinberar stofnanir, sem hafa sjálfstæða tekjustofna og þá e. t. v. nokkurt bolmagn til að standa straum af byggingu eigin húsnæðis, skuli eiga þess kost að fá annað tveggja hluta byggingarkostnaðar sem beinan styrk úr sjóðnum eða þær gætu fengið þar hagkvæm lán til hóflega langs tíma.

5) Þá þyrftu og að vera í lögnum ákvæði um það, hvaða aðili ákveður röð byggingaframkvæmda. Virðist einsætt, að Alþingi taki ákvarðanir um slíkt, t. d. á svipaðan hátt og á sér stað um vegalög. Væri þá framkvæmdavaldinu ekki heimilt að verja fé úr sjóðnum til annarra bygginga en þeirra, sem Alþingi hefði tekið á slíka skrá.

Hér er um stórt mál að ræða. Því verður naumast á móti mælt, að byggingamál ríkisins og ríkisstofnana hafa lengi setið svo mjög á hakanum, að hvorki má vansané vandræðalaust telja. Þar verður óhjákvæmilega að breyta um stefnu og vinna markvisst að lausn óhjákvæmilegra verkefna. Að sjálfsögðu mun uppbygging þessi kosta verulegt fjármagn. Um þá hlið málsins fjallar þessi tillaga þó ekki. Það verður eftir sem áður háð ákvörðun Alþingis hverju sinni, hversu miklu fé skal varið ár hvert til byggingaframkvæmdanna. Hér er fyrst og fremst bent á leið, sem á að geta stuðlað að bættu skipulagi byggingamála ríkisins og ríkisstofnana og aukið hagkvæmni í vinnubrögðum. Er þess að vænta, að Alþingi sjái sér fært að taka ákvæða afstöðu til hugmyndað þeirrar, sem hér er reifuð, og geti fallizt á tillöguna.